

Uppsöfnun náttúrulegra geislavirkra efna í nokkrum rörum við borholur við Reykjanes virkjun.

Náttúruleg geislavirk efni eru í öllu okkar umhverfi. Samheiti þeirra er „Naturally Occuring Radioactive Material, NORM“

Vitað er að þau geta safnast upp í útfellingum í rörum við borholur – þekkt í olíu og gasiðnaði sem og við hagnýtingu jarðhita til orkuframleiðslu. Þá er talað um „ Technically Enhanced NORM, TENORM“.

Ef uppsöfnun í útfellingu fer yfir alþjóðleg mörk (1 Bq/g) þá er útfellingin skilgreind sem geislavirk efni og ef hún er meiri en 10 g/Bq þá þarf að huga að því hvernig útfellingunni er fargað eftir að hún hefur verið hreinsuð úr rörinu. Útfellingar eru oft hreinsaðar úr rörum árlega.

Mjög lítið er af náttúrulegum geislavirkum efnum í basalti sem er ríkjandi bergtegund á Íslandi og þess vegna er mjög lítið radon í húsum hér.

Í ljós hefur komið að uppsöfnun TENORM í útfellingum við nokkrar borholur HS Orku við Reykjanes virkjun er það mikil að útfellingarnar eru skilgreindar sem geislavirkt efni og huga þarf að förgun þeirra. Þetta hefur komið fram í mælingum Geislavarna og verið staðfest með mælingum á sýnum í Finnlandi þar sem beitt hefur verið vottuðum mæliaðferðum. Geislunin er mjög orkulítill og stöðvast í nokkrum centimetrum lofts.

Fundað hefur verið með HS Orku um málið og vettvangskönnun gerð. Fyrirtækinu er mjög í mun að fara að öllu samkvæmt lögum og reglum sem um geislavarnir gilda.

2. tl. 2. Gr laga um geislavarnir segir að lögin gildi um starfsemi sem veldur aukinni náttúrulegri geislun frá umhverfinu.

7. gr laganna fjallar um leyfisveitingar m.a. förgun.

Við þurfum að ræða hvernig hægt sé að beita lögum um geislavarnir í þessu tilfelli.

Hreinsunar útfellinga í rörunum er fyrirhuguð í lok ágúst byrjun september og þá þurfa leyfisveitingar að liggja fyrir með góðum fyrirvara.

Reykjavík, 29. Júní 2015

smm